

## Foreldrakönnun

Viðmiðunarhópur foreldrakönnunar Skólapúlsins samanstóð af meðaltali foreldra úr 34 leikskólum og var lögð fyrir í febrúar. Könnunin var lögð fyrir alla foreldra skólans. Sá háttur er hafður á að ef báðir foreldrar/forsjáraðilar eru með skráð netföng í skólanum þá er helmingur könnunar sendur á netfang hvors foreldris/forsjáraðila. Svarhlutfall í foreldrakönnuninni var 94,1% eða 16 foreldrar. Foreldrakönnuninni er skipt upp í fimm efnisflokka. Þeir eru *daglegt leikskólastarf, námsumhverfi, samskipti við foreldra, upphaf og lok skólagöngu og sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta*. Hver efnisflokkur samanstendur svo af mismörgum matsþáttum.

Daglegt leikskólastarf	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Ánægja með leikskólann	73,3%	11/15	80,1%	-6,8%
Stjórnendur sýnilegur í daglegu starfi	86,7%	13/15	82,1%	4,6%
Ánægja barnsins í leikskólanum	100,0%	12	94,6%	5,4%
Hæfilegur fjöldi barna á deild	56,2%	9/16	88,1%	-31,8%
Hollt mataræði	100,0%	15	89,0%	11,0%

Í flokknum *daglegt leikskólastarf* kemur fram að ánægja foreldra með daglegt starf í leikskólanum er í þremur þáttum hærra en í viðmiðunarskólunum. Einn þáttur er langt undir en það er hæfilegur fjöldi á deild en fram kom í könnunni að foreldrum fannst of fá börn á deild sem skýrist af fámenninu. Skemmtilegt að sjá að í tveimur þáttum mælist niðurstaðan 100%. Annar þátturinn er hollt mataræði en hinn er ánægja barnsins í leikskólanum.

Námsumhverfi	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Vinnubrögð	81,8%	9/11	87,2%	-5,4%
Aðastaða	75,0%	9/12	81,9%	-6,9%
Félagsleg samskipti	85,7%	6/7	90,3%	-4,6%
Þátttaka án aðgreiningar	100,0%	7	96,5%	3,5%

Í flokknum *námsumhverfi* kemur fram að ánægja foreldra með námsumhverfi í leikskólanum er í þremur þáttum undir landsmeðaltali. Einn þáttur er 100% ánægja með en það er þátttaka án aðgreiningar.

Upphaf leikskólagöngu	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Leikskólabyrjun	-	-	-	-
Flutningur milli deilda	100,0%	3	86,9%	13,1%

Í flokknum *upphaf leikskólagöngu* voru ekki margir sem svörðu. Enginn marktæk svörun var við spurningum um leikskólabyrjun. Varðandi flutning milli deilda er 100% ánægja foreldra með það.

Samskipti við foreldra	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Upplýsingamiðlun	78,6%	11/14	63,7%	14,9%
Þekking á stefnu og námskrá leikskólans	87,5%	14/16	80,7%	6,8%
Tengsl við starfsfólk leikskólans	93,3%	14/15	95,7%	-2,4%
Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu	64,3%	9/14	73,2%	-8,9%
Tímasetning viðburða	71,4%	10/14	84,1%	-12,7%
Heimasíða leikskólans	90,9%	10/11	85,5%	5,4%

Í flokknum *samskipti við foreldra* kemur fram að ánægja með samskipti við foreldra er í þremur þáttum undir landsmeðaltali og þremur yfir. Foreldrar eru greinilega ánægðir með upplýsingamiðlun leikskólans en þar erum við tæpleg 15% yfir landsmeðaltali. Tímasetning viðburða er nokkuð undir landsmeðaltalinu en í opnu spurningunum kom fram að foreldrar vildu ýmist fækka þessum dögum eða færa viðburðina eftir lokun á daginn.

Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Hlutfall sérkennslu og stuðnings	13,3%	2/15	16,7%	-3,4%
Hlutfall sérfræðipjónustu	13,3%	2/15	14,3%	-1,0%

Í flokknum *sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta* erum við undir landsmeðaltalinu hvað varðar fjölda sem njóta stuðnings og sérfræðipjónustu.